

17. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta- nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands minnir á að í nefndinni sem samdi frumvarp það sem varð að lögum nr. 36/2001 var fullur einhugur um efni þess. Í lögnum var bankastjórn, sem í sitja þrír bankastjórar, falið ákvörðunarvald í peningamálum auk stjórnar bankans að öðru leyti. Í 24. gr. lagana var einnig kveðið á um að bankastjórn setti starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum.

Í greinargerð með frumvarpinu sagði um þennan málslið:

„Til þess að tryggja að ætíð séu viðhöfð bestu fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd peningastefnunnar, í ljósi ákvæðanna um meginmarkmið stefnunnar samkvæmt 3. gr., þykir rétt að festa í lög ákvæði um að sérstakar starfsreglur gildi um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnar í peningamálum. Hér er t.d. átt við verkferli sem gilda við undirbúning ákvarðana, við hvaða upplýsingar skuli stuðst og eftir atvikum hvaða embættismenn bankans aðrir en bankastjórar taki þátt í því ferli þótt á endanum sé það bankastjórn sem formlega tekur ákvörðun. Mikilvægt er einnig að gera skýra grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar, sérstaklega þeim sem varða beitingu stjórnstækja bankans í peningamálum. Þær skal birta opinberlega þannig að skýrt sé á hvaða forsendum þær byggjast og hvað í þeim felst. Með ákvæðum þessarar greinar er leitast við að tryggja að ákvarðanir bankastjórnar séu ætíð reistar á eins faglegum grunni og kostur er, að peningastefnan sé gagnsæ og að bankastjórn standi reikningskil gerða sinna gagnvart stjórnvöldum og almenningi.”

Í næstu málsgrein sagði:

„Í nefndinni sem samdi frumvarpið var rætt hvort kveða skyldi á um sérstaka peningastefnunefnd sem í sætu fleiri en bankastjórar sem færi með ákvörðunarvald í peningamálum. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki heldur að fela bankastjórn ákvörðunarvaldið en jafnframt að fela henni að setja starfsreglur um ákvörðunarferil peningamála sem lýst er í málsgreininni hér að framan.”

Starfsreglurnar sem kveðið er á um í 24. gr. laganna voru settar í ársbyrjun 2002 (birtar í febrúarhefti *Peningamála* 2002). Eftir þeim hefur verið starfað í einu og öllu og þær reynst vel.

Í kynningu á starfsreglunum í *Peningámálum* í febrúar 2002 var m.a. sagt að þær yrðu endurskoðaðar eftir því sem tilefni gæfist til. Meðal annars kæmi til álita þegar tímar liðu að ákveða fyrirfram og tilkynna opinberlega daga þegar bankastjórn metur og ákveður hvort aðgerða sé þörf í peningámálum líkt og gert er víða annars staðar. Endurskoðun reglnanna hefur staðið yfir um nokkurt skeið, ekki síst með það í huga að ákveða og tilkynna fyrirfram vaxtaákvörðunardaga bankastjórnar. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að enda þótt útgáfudagar *Peningamála* hafi ekki verið formlegir vaxtaákvörðunardagar hefur í reynd verið tekið að líta á þá sem slíka af þeim sem láta sig varða stefnuna í peningámálum. Bankastjórn hefur þó breytt vöxtum hvenær sem hún hefur talið tilefni til á milli útgáfudaga *Peningamála* eins og dæmi sanna.

Í tengslum við breytingu á sameiginlegri yfirlýsingu ríkistjórnarinnar og Seðlabankans frá mars 2001 sem gerð var föstudaginn 11. nóvember sl. tilkynnti bankastjórn Seðlabankans að ákveðið hefði verið að taka upp sérstaka vaxtaákvörðunardaga frá og með árinu 2006. Áformum þessum verður nánar lýst í *Peningámálum* sem gefin verða út föstudaginn 2. desember nk.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands kýs að tjá sig ekki um efni frumvarpsins að öðru leyti.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLAND

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson  
bankastjóri